

Aðalfundur Vatns- og fráveitufélags Íslands 2020

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 27. maí kl. 13:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 20. maí 2020 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins. Fundurinn var vegna aðstæðna í samfélaginu haldinn sem fjarfundur.

Formaður Vatns- og fráveitufélagsins setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna á aðalfund félagsins 2020. Hún lagði til Baldur Dýrfjörð yrði skipaður fundarstjóri og Anna Heiður Eydísardóttir fundarritari. Var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið fyrir sína hönd og fundarritara.

Fundarstjóri byrjaði á því að kanna hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðun og þá aðferð að halda fundinn í fjarfundi. Svör var ekki og var nú gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundarins svo hljóðandi.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Reikningar félagsins fyrir næst liðið fjárhagsár.
3. Kosningar
 - a. kosning formanns
 - b. kosning annarra stjórnarmanna
 - c. kosning skoðunarmanns reikninga
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um félagsgjöld
6. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf nú formanni VAFRÍ Hrund Andradóttur orðið og flutti hún skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár (skýrslu stjórnar er skeytt við fundargerð þessa). Engar fyrirspurnir komu um skýrsluna og enginn tók til máls um hana.

2. Reikningarfélagsins.

Fundarstjóri gaf gjaldkera félagsins Írisi Þórarinsdóttur orðið og fór hún yfir reikninga félagsins fyrir liðið starfsár. Fram kom að nokkur eign hefur safnast hjá félaginu sem m.a. skýrist af því að ekki hefur verið farið í áætlaðar ferðir á liðnu ári. Þá hafa margir fundir notið gestrisni hjá þeim aðildarfélögum þar sem þeir hafa verið haldnir.

Niðurstöðutölur ársreikning eru þær að tekjur eru kr. 142.921 og gjöld eru kr. 6.249. Vaxtatekjur eru kr. 775, rekstrarniðurstaða ársins er því kr. 137.447. Eignir félagsins nema samtals kr. 924.317.

Fundarstjóri kallaði eftir fyrirspurnum um reikninga félagsins og gaf orðið laust um þá. Enginn tók til máls.

3. Kosningar

a. Kosning formanns

Fundarstjóri kynnti að Hrund Andradóttir gefi kost á sér til formannsskjör og kallað eftir því hvort fleiri gefi kost á sér. Svo var ekki og skoðast Hrund því réttkjörinn formaður Vatns- og fráveitufélags Íslands.

b. Kosning annarra stjórnarmanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að Íris Þórarinsdóttir og Þorsteinn Narfason gangi úr stjórn og gefi ekki kost á sér til áframhaldandi setur í stjórn VAFRÍ.

Fundarstjóri minnti hann á að Anna Heiður Eydísardóttir hefði verið kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Þá gerði hann grein fyrir að Baldur Dýrfjörð gefi kost á sér til áframhaldandi setu. Þá kom fram að tveir nýjir aðilar gefa kost á sér í stjórnarkjöri en þeir eru Hlöðver Stefán Þorgeirsson (hjá Veitum) og Sigurður Grétar Sigmarsson (hjá Verkís).

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort fleiri gefi kost á sér til stjórnarsetu. Svo er ekki og skoðast því framangreindir félagsmenn, Baldur, Hlöðver og Sigurður Grétar réttkjörnir stjórnarmenn í Vatns og fráveitufélagi Íslands.

c. Kosning skoðunarmanns reikninga

Fundarstjóri gerir grein yfir því að Hilmar Sigurðsson gefi kost á sér sem skoðunarmaður reikninga VAFRÍ. Kallaði hann að því búnu eftir því hvort fleiri gefi kost á sér. Svo er ekki og skoðast Hilmar því réttkjörinn skoðunarmaður reikninga VAFRÍ.

4. Lagabreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að engar tillögur hefðu borist um lagabreytingar.

5. Ákvörðun um félagsgjald

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn gerði tillögu um að félagsgjöld VAFRÍ verði óbreytt á komandi starfsári. Kallaði hann eftir því hvort aðrar tillögur væru. Svo var ekki og skoðast því tillagan samþykkt.

6. Önnur mál

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort einhver vildi taka til máls undir liðnum önnur mál. Íris Þórarinsdóttir óskað eftir því að taka til máls og vildi nota tækifærið til að þakka samstarfsmönnum sínum í stjórn undanfarinn átta ár fyrir mjög gott samstarf og félaginu heilla í áframhaldandi störfum sínum. Hún sagðist vonast til að vera áfram virkur félagi þó svo að stjórnarstörfum sleppi.

Fundarstjóri þakkaði Írisi hlý orð í garð stjórna félagsins sem og fyrir frábært starf í þágu félagsins á undanföllum árum. Sömmuleiðis þakkaði hann Þorsteini Narfasyni mjög góð störf hans í þágu félagsins. María Jóna Gunnarsdóttir tók undir þakkir til Írisar fyrir mjög góð störf hennar í þágu félagsins. Þá gerði hún einnig grein fyrir því að hún og Þorsteinn Narfason hefðu tekið þátt í starfi nefndar um endurskoðun á reglugerð um neysluvatn. Starf nefndarinnar hefur tekið mið að því að ákveðið var að bíða eftir nýrri tilskipun EB um neysluvatn sem er verið að innleiða og láta endurskoðun íslensku reglugerðarinnar taka mið af henni. Nefndin er því komin af stað að nýju og mun leggja fram tillögu að nýrri neysluvatnsreglugerð.

Ekki óskuðu fleiri eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri þakkaði góða fundarsókn og góðan aðalfund 2020 og gaf að því búnu formanni orðið.

Formaður þakkaði samstarfsaðilum fyrir samstarfið á liðnu ári og vonaðist til þess að ekkert komi í veg fyrir að við getum átt starfssamann og góðan vetur á komandi starfsári.

Formaður sleit að því búnu fundi en gat þess í leiðinni að meistaraprófsvörn sem getið var um í fundarboði hefjist á öðrum fjarfundatengli og bauð félögum til þátttöku þar.

Baldur Dýrfjörð fundarstjóri

Anna Heiður Eydísardóttir fundarritari